

Landbúnaðarnefnd Alþingis  
Elísabet Rán Andrésdóttir  
nefndarritari  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 21. mars 2006  
2006030004/42-1  
KE/rsb

## Landshlutaverkefni í skógrækt - umsögn um frumvarp til laga, 555. mál

Vísað er til bréfs Landbúnaðarnefndar Alþingis frá 1. mars sl. þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands á frumvarpi til laga um landshlutaverkefni í skógrækt, 555. mál, samræming laga, endurgreiðsla framlaga og fleira.

Náttúrufræðistofnun Íslands er sammála nauðsyn þess að sameina lög um landshlutabundin skógræktarverkefni (nr. 56/1999) og lög um Héraðsskóga (nr.32/1991) og lög um Suðurlandsskóga (nr. 93/1997). Við þessa sameiningu og endurskoðun ber að horfa til þeirrar reynslu sem komin er af framkvæmd þessara laga. Náttúrufræðistofnun leggst hins vegar gegn því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt. Tekið skal fram að stofnunin er hlynnt skógrækt á Íslandi og landshlutabundnum verkefnum á því sviði. Hún er hins vegar andsnúin þeirri hömlulausu framkvæmd sem tíðkuð hefur verið og líkja má við opið veiðileyfi á lífríki og ásynnd landsins.

Náttúrufræðistofnun telur að leggja hefði átt meiri vinnu en gert hefur verið í endurskoðun á ákvæðum laganna í ljósi fenginnar reynslu, sérstaklega hvað varðar umhverfisáhrif og alþjóðlegar skyldur þar að lútandi. Í því sambandi má meðal annars benda á áður framkomnar athugasemdir Náttúrufræðistofnunar varðandi tillögu að sérstöku deiliskipulagi fyrir Norðurlandsskóga (sbr. bréf Náttúrufræðistofnunar til Skipulagsstofnunar frá 23. maí 2005 og sameiginlegt bréf forstjóra Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar til umhverfisráðuneytisins, dags. 21. nóvember 2005, (sjá meðfylgjandi fylgiskjöl) og ályktun Bernarsamningsins um vernd villtrar náttúru í Evrópu (ályktun nr. 96/2002) um skógræktaráætlanir og framkvæmdir á Íslandi (sjá meðfylgjandi fylgiskjal). Tekið skal fram að landbúnaðarráðuneytið gerði ekki athugasemdir við þessa ályktun þegar hún var lögð fram til samþykktar á aðildarríkjafundi Bernarsamningsins í desember 2002, taldi hana í góðu samræmi við stefnu íslenskra stjórnvalda. Í þessu ljósi og með hliðsjón af reynslu fyrri ára, telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að sett verði ákvæði í lög um notkun tegunda, undirbúning framkvæmda og meðferð lands og um landgerðir, sem skógrækt er stunduð á. Stofnunin telur nauðsynlegt að stórauка notkun innlendra tegunda í landshlutabundnum skógræktarverkefnum, einkum þeim sem beinast að almennum landbótum, og að löggin þurfi að endurspegla mikilvægi þess.

Í lögum þeim sem í gildi hafa verið um landshlutaverkefni í skógrækt og eiga að falla niður með setningu þessara nýju laga, er skýrt tekið fram að gera skuli landshlutaáætlun fyrir hvert verkefni.

Í lögum um Suðurlandsskóga frá árinu 1997 segir t.d. í 2. gr.: "*Gera skal sérstaka áætlun, Suðurlandsskógaáætlun, um nýtingu þess lands sem er fallið til skógræktar. Áætlunin skal vera til 40 ára og skiptast í fjögur tíu ára tímabil og taka til a.m.k. 15.000 ha lands...*" Slík áætlun hefur aldrei verið gerð þótt ætla mætti að tími og ástæður hafi verið til staðar. Og sama er að segja um önnur landshlutabundin skógræktarverkefni. Samsvarandi ákvæði um 40 ára landshlutaáætlanir, sem endurskoða ber á 10 ára fresti, er nú að finna í 4. gr. þessa frumvarps. Þessi lagasetning væri kjörið tækifæri til að setja skýrari ákvæði um þessar áætlanir þar sem t.d. er kveðið skýrt á um að gera skuli áætlunina áður en ráðist er í framkvæmdir. Reynslan sýnir að mikil þörf er fyrir slíkt ákvæði þar sem eftirliti með að lögunum sé framfylgt hefur verið verulega ábótavant. Betra er að sleppa ákvæði um áætlanagerð fyrir hvern landshluta en að setja eitthvert málamynda ákvæði sem ekki er ætlunin að fara eftir. Einnig ætti að horfa til frumvarps um mat á umhverfisáhrifum áætlana, sem nú liggur fyrir Alþingi, og setja ákvæði um mat á landshlutaáætlunum áður en þær koma til framkvæmda.

Varðandi reynsluna af lögum um landshlutabundna skógrækt má einnig benda á að aldrei hefur skógræktarframkvæmd, stór eða smá, farið í mat á umhverfisáhrifum þótt ljóst sé að þessar umfangsmiklu áætlanir og framkvæmdir þeim tengdar hafi í för með sér veruleg áhrif á lífríki landsins og ásýnd þess. Skipulega hafa lög um mat á umhverfisáhrifum verið sniðgengin og með þeim hætti að mikil nauðsyn er að setja sérstök umhverfisverndarákvæði í lög um landshlutaskógræktina. Ákvæði sem m.a. taka mið af alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga á þessu sviði, sbr. t.d. Bernarsamninginn og Ríósamninginn um líffræðilega fjölbreytni (sjá skýrslu Ríkisendurskoðunar: *Samningurinn um líffræðilega fjölbreytni. Umhverfisendurskoðun. Ríkisendurskoðun, janúar 2006*). Hvergi í þessu frumvarpi er að finna umhverfisverndarákvæði og úr því verður að bæta.

Minna má á að víða annars staðar í Evrópu hafa álíka verkefni og hér er verið að fastsetja valdið miklum náttúruspjöllum, svo sem í Skotlandi þar sem nú er almennt viðurkennt að mikil mistök hafi verið gerð með takmarkalítilli skógrækt fyrri ára. Komast þarf hjá slíkum mistökum og til þess þarf skýr lög og skýrar reglugerðir.

Náttúrufræðistofnun leggur til að þetta frumvarp þetta verði unnið betur og sett í ítarlega endurskoðun frá grunni með tilliti til umhverfissjónarmiða. Stofnunin er fús til að koma á fund nefndarinnar og gera betur grein fyrir þessu álitinu.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS